



## Lestur fræðibóka

### Almennt um lestur

Við lestur fræðibóka beitir þú margs konar hugsanabrellum og lestrarlagi vegna þess að þú ætlar þér ekki að lesa allt og ekki að muna allt í bókinni.

Þú skannar eða skimar textann og finnur nákvæmlega það efni sem þú villt fræðast um - þá lestu af nákvæmni.

Þú staldrar við, lest ef til vill aftur yfir og hugsar um að sem þú varst að lesa.

Það er gott ráð að tengja þennan nýja fróðleik við eitthvað sem þú þekkir vel og er líkt eða ólíkt.




### Hvað var ég að lesa?

Við lestur á fræðibókum, rétt eins og námsbókum, er mikilvægt **að staldra oft við** og spyrja sjálfan sig: **Hvað var ég að lesa?**

Reyndu að sjá fyrir þér í huganum mynd af því sem þú varst að lesa um og tengdu það við eitthvað sem þú þekkir vel eða vissir áður.

Það er mjög **gagnlegt að tala við sjálfan sig um efnið**, t.d. þetta er eins og ... Eða ólíkt ... . Eins er ágætt að ímynda sér hvernig væri t.d. að snerta fyrirbrigðið, lykta af því eða heyra í því.

Ef eitthvað er óljóst eða **ef þú skilur ekki þá ferðu til baka í textanum, lest aftur** og reynir að komast til botns í því.



### Hv-spurningar

Þegar þú hefur lokið lestrinum þá skaltu **rifja upp** það sem þú varst að lesa. **Rissaðu upp** skýringarmyndir í huganum eða á blað, reyndu að sjá fyrir þér heildarmyndina og **spurðu þig: Hvað? Hver? Hvernig? Hvers vegna?**

Ef þú hefur ekki fengið svör við því sem þig langaði að vita þá þarftu ef til vill að leita víðar og lesa annars staðar.

Ef þú ætlar að nota efnið í verkefni t.d. í skólanum þá skaltu skrifa hjá þér punkta úr efninu.